



Frá Landssamtökum lífeyrisjóða 5/12 2012

468. mál

Alþingi
Erindi nr. P 141/898
komudagur 5.12.2012

5. september 2012
Dags. erindis yðar: 5. júlí 2012
1209016

Landssamtök lífeyrissjóða
Sætúni 1
105 Reykjavík
b.t. Arnar Sigurmundsson

Efni: Hlutdeild lífeyrissjóða í gjaldeyrisútboðum með skuldabréf ríkissjóðs


Vísað er til fyrirspurnar Arnars Sigurmundssonar, f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 5. júlí 2012, þar sem óskað var eftir samantekt frá Seðlabanka Íslands um heildartölur gildra tilboða lífeyrissjóða í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands með ríkisbréf. Fyrirspurnin var gerð með vísan til samkomulags Landssamtaka lífeyrissjóða og fjármálaráðherra, dags. 8. febrúar 2012.


Fram kemur í fyrirspurninni að Landssamtök lífeyrissjóða, f.h. lífeyrissjóða, og fjármálaráðherra hafi undirritað minnisblað í febrúar 2012 um þátttöku lífeyrissjóða í 3-4 gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands á árinu með gildum tilboðum að fjárhæð allt að 200.000.000 evra.

Þó Seðlabanki Íslands sé ekki aðili að áður nefndu samkomulagi milli Landssamtaka lífeyrissjóða og fjármálaráðherra, hefur verið ákveðið að veita neðangreindar upplýsingar um þátttöku lífeyrissjóða í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands með ríkisbréf til að staðfesta þátttöku þeirra í umræddum útboðum.

Tilboð (í milljónum evra)	2011	2012
Gild tilboð lífeyrissjóða	77,5	235,2
Samþykkt tilboð lífeyrissjóða	77,5	125,9
Gild tilboð í útboðum	79,5	260,1
Samþykkt tilboð í útboðum	79,5	139,4

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Freyr Hermannsson
forstöðumaður Fjárstýringar

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605